

Íslenska 7. bekkur

Tímabil: Haustönn 2017

Kennslustundir: 5 á viku

Kennari: Halla Björk Þorláksdóttir og Hulda Arnsteinsdóttir.

Námsefni: Orðspor 2 lesbók og vinnubók, Benjamín dúfa, Skræða vinnubók, skrifarbækur og lestrarbækur.

Fyrirkomulag: Innlagnir kennara, umræður, einstaklings- og hópverkefni. Nemendur vinna eftir vikuáætlunum, kennari leggur inn nýtt efni og nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni, í þörum eða hópum. Nemendur hefja hvern dag á yndislestri. Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Námsmat: Vinnubók við Orðspor 2 verður metin, bókmenntaverkefni úr Benjamín dúfu og nokkur verkefni úr Orðspori 2.

Markmið

Að nemendur:

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og hlustað af athygli á aðra.
- lesi sér til ánægju og fróðleiks.
- lesi sameiginlega eina skáldsögu og taki þátt í umræðum um hana.
- þjálfist í að greina og fjalla um aðalatriði í lesnum texta.
- þjálfist í að skrifa læsilega, af öryggi og með persónulegri rithönd.
- semji texta þar sem eigin sköpun er beitt.
- átti sig á flokkum fallorða og sagnorða og skoði einkenni hvers flokks.
- þjálfist vinnubrögð við ritun, til dæmis uppbyggingu og frágangs texta.
- semji stuttar sögur og ljóð.
- þekki algengar skammstafanir og æfist í réttri notkun greinarmerkja.
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið.
- kynnist og geti nýtt sér ýmsar aðferðir við lestur og geti nýtt sér hugarkort og lykilorð.

Tímabil	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
21. – 25. ágúst			22. skólasetning kl. 16 23. viðtöl 24. gönguferð/hjólaferð
28. ágúst – 1. september			
4. – 8. september	Skræða I og II Lesskilningsverkefni frá kennara.	Orðflokarnir nafnorð, lýsingarorð, og sagnorð. Beygingarleg og merkingarleg einkenni þeirra skoðuð.	Innlögn kennara og umræður í kjölfarið. Nemendur vinna að mestu einstaklingslega en eru hvattir til að ræða saman og hjálpast að.
11. – 15. september	Skræða I og II Lesskilningsverkefni frá kennara.	Sama og í fyrri viku, auk þess fjallað um fornöfn og smáorð.	Innlögn kennara og umræður í kjölfarið. Nemendur vinna að mestu einstaklingslega en eru hvattir til að ræða saman og hjálpast að.
18. – 22. september	Skræða I og II Lesskilningsverkefni frá kennara.	Sama og í fyrri viku, auk þess fjallað um skammstafanir. Samræmd próf í þessari viku.	Innlögn kennara og umræður í kjölfarið. Nemendur vinna að mestu einstaklingslega en eru hvattir til að ræða saman og hjálpast að.
25. – 29. september	Orðspor 2 lesbók og vinnubók	Lestrartækni, hugtakakort, lykilorð, efnisgrein og málsgrein. Fyrirsögn og millifyrirsagnir.	Innlögn kennara og umræður. Við lesum saman texta og skoðum hvaða aðferðum við getum beitt til að skilja innihald texta. Fjölbreytt verkefni unnin tengd þessari vinnu.
2. – 6. október	Orðspor 2 lesbók og vinnubók	Lestrartækni, hugtakakort, lykilorð, efnisgrein og málsgrein. Fyrirsögn og millifyrirsagnir.	Innlögn kennara og umræður. Við lesum saman texta og skoðum hvaða aðferðum við getum beitt til að skilja innihald texta. Fjölbreytt verkefni unnin tengd þessari vinnu.
9. – 13. október	Orðspor 2 lesbók og vinnubók	Hugarleikfimi (1. kafli), þjálfun minnis og athygli, bókakynning. Málsgrein, efnisgrein, andheiti, samheiti, lesskilningsverkefni.	Innlögn kennara, umræður og verkefnavinna nemenda.

16. – 20. október	Orðspor 2 lesbók og vinnubók	Fótspor, orðspor, netspor (2. kafli). Hvað verður um það sem sett er á netið? Slangur, lesskilningur, unnið með orðaforða, skammstafanir, bein og óbein ræða, greinamerki. (Hér gæti þurft að ljúka við ýmis atriði úr 1. kafla áður en byrjað er á 2. kafla).	Innlögn kennara, umræður og verkefnavinna nemenda.
23. – 27. október	Orðspor 2 lesbók og vinnubók	Sjá fyrri viku.	26. starfsdagur, 27. haustleyfi
30. október – 3. nóvember	Orðspor 2 lesbók og vinnubók	Sjá fyrri viku.	30. haustleyfi
6. – 10. nóvember	Benjamín dúfa.	Margvísleg verkefni unnin úr bókinni. Fjallað um bókmenntahugtök s.s. aðal- og aukapersónur, sögusvið og umhverfi.	Innlögn kennara, umræður og verkefnavinna.
13. – 17. nóvember	Benjamín dúfa.	Margvísleg verkefni unnin úr bókinni. Fjallað um bókmenntahugtök s.s. aðal- og aukapersónur, sögusvið og umhverfi.	Innlögn kennara, umræður og verkefnavinna. 16. dagur íslenskrar tungu
20. – 24. nóvember	Benjamín dúfa.	Margvísleg verkefni unnin úr bókinni. Fjallað um bókmenntahugtök s.s. aðal- og aukapersónur, sögusvið og umhverfi.	Innlögn kennara, umræður og verkefnavinna.
27. nóvember – 1. desember	Benjamín dúfa.	Margvísleg verkefni unnin úr bókinni. Fjallað um bókmenntahugtök s.s. aðal- og aukapersónur, sögusvið og umhverfi.	Innlögn kennara, umræður og verkefnavinna. 1. jólamarkaðurinn
4. – 8. desember	Námsmat	Námsmat	4. starfsdagur
11. – 15. desember			14. laufabrauðsdagurinn 15. opinn dagur
18. – 20. desember			18. smiðjudagurinn 19. skautadagurinn 20. litlu jólin

